

Thor Guesthouse

Matthildur Skúladóttir, 121154-5799

Bjarni Þór Guðmundsson, 150649-3749

Reykjavík 17.02.2016

Alþingi

nefndasvid@althingi.is

Efni: Frumvarp um Veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Meðfylgjandi eru athugasemdir við Frumvarp um breytingar á lögum nr. 85/2007 sem fram koma í Þingskjali 731 — 457. mál: "um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengi-sveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi)"

Við viljum koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Þeir aðilar sem hafa hingað til rekið gistiheimili á forsendum "heimagistingar", gjarnan með 8 herbergi og 16 rúm, allt árið eða hluta úr ári eru með þessum breytingum settir í þrot. Þessir aðilar hafa oft lagt mikið fjármagn í breytingar og endurnýjun á húsnæði sínu. Með þeim takmörkunum sem felast í "Skráningarskylda" er ekki lengur grundvöllur fyrir rekstri.

Ekki eru endilega forsendur til að sækja um leyfi fyrir rekstri í öðrum flokki eins og bent er á í skýringarefni þar sem aðstæður leyfa ekki að öll skilyrði þessa flokka séu uppfyllt.

Við teljum að "Skráningarskylda" eigi að heita íbúðargisting og vera viðbót við það umhverfi sem nú er við lýði og núverandi fyrirkomulag (Lög 85/2007) eigi að standa óbreytt sem mundi tryggja okkar rekstur áfram.

Með virðingu

Fyrir hönd Thor Guesthouse, Skólavörðustíg 16, Reykjavík.

Matthildur Skúladóttir og Bjarni Þór Guðmundsson